



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# FIMM ÁRA ÁÆTLUN UM KYNJAÐA FJÁRLAGAGERÐ

---

2019-2023

## Efnisyfirlit

.....	1
Yfirlit .....	3
1 Skipulag kynjaðrar fjárlagagerðar .....	5
2 Samþætting kynjasjónarmiða við fjármálaáætlun og fjárlagagerð .....	6
3 Meginatriði hvers árs .....	8
4 Kyngreind tölfraeðigögn .....	9
5 Flokkun og greining á málefnasviðum og málaflokkum .....	10
6 Samstarf .....	11
7 Fræðsla og kynningarmál .....	12
Viðauki.....	13
Ársferill kynjaðrar fjárlagagerðar .....	13

## YFIRLIT

Í þessari áætlun er farið yfir markmið stjórnvalda um framgang kynjaðrar fjárlagagerðar yfir tímabilið 2019-2023.

Kynjuð fjárlagagerð (e. Gender Budgeting) hefur verið í þróun hér á landi frá árinu 2009. Í kynjaðri fjárlagagerð felst í meginatriðum að við **stefnumörkun í opinberum fjármálum** beri að gæta að því að öflun og ráðstöfun opinberra fjármuna geti haft **áhrif á stöðu kynjanna og jafnrétti**. Leiðarljósið er að kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð stuðli í senn að **efnahagslegu jafnræði, sanngirni og almennri velferð**.

Vinna við kynjaða fjárlagagerð hefur haft ýmsan ávinning í för með sér svo sem **aukið gagnsæi, upplýstari ákvarðanatöku og samhentari vinnubrögð**.

Frá upphafi hefur kynjuð fjárlagagerð verið leidd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu (FJR) og sérstakri verkefnisstjórn sem í eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta. Fyrsta verkefnisstjórn kynjaðrar fjárlagagerðar tók til starfa í apríl 2009 með það hlutverk að innleiða leikreglur við kynjaða fjárlagagerð. Í upphafi skorti reynslu og þekkingu á þessu stjórnæki og var áhersla lögð á þekkingarsköpun, samstarf og verkefnavinnu. Verkefnisstjórnin hefur þróast í takti við reynslu og þörf. Ný verkefnisstjórn tók til starfa árið 2016 með það hlutverk að fylgja eftir fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem samþykkt var í ríkisstjórn 19. júní 2015.

Kynjuð fjárlagagerð var lögfest með lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál en í 18. gr. laganna stendur:

*Ráðherra, í samráði við ráðherra jafnréttismála, hefur forystu um að gerð verði áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem höfð skal til hliðsjónar við gerð frumvarps til fjárlaga. Í frumvarpi til fjárlaga skal gerð grein fyrir áhrifum þess á markmið um jafna stöðu karla og kvenna.*

Markmið ákvæðisins er að treysta í sessi aðferðir kynjaðrar fjárlagagerðar enda feli mótun fjármálaáætlunar og fjárlaga í sér ákvörðun um félagslega og efnahagslega forgangsröðun stjórnvalda og vegna mismunandi stöðu kvenna og karla sem birtist með margvíslegum hætti, hafi tekjuöflun og ráðstöfun opinbers fjár mismunandi áhrif á konur og karla. Með greiningu á þessum áhrifum er mögulegt að nýta fjárlög til að stuðla að jafnrétti og réttlátri dreifingu fjármuna. Í athugasemdum með greininni kemur jafnframt fram að **með hliðsjón af hlutverki fjármála- og efnahagsráðherra er talið eðlilegt að hann hafi forystu um gerð áætlunar um kynjaða fjárlagagerð sem höfð skuli til hliðsjónar við stefnumótun skv. 20 gr. laganna og við gerð frumvarps til fjárlaga** og að eðli máls samkvæmt beri ráðherra jafnréttismála ábyrgð á eftirfylgni með áætluninni. Stefnumótun fyrir málefnasviðin sem nánar er kveðið á um í 20 gr. laganna á að fela í sér markmið og áherslur um fyrirkomulag og þróun á starfsemi hvers málefnasviðs til fimm ára.

Ákvarðanir varðandi útgjöld og tekjuöflun ríkisins hafa mismunandi áhrif á kynin vegna ólíkrar stöðu þeirra. Þær geta ýmist stuðlað að jafnrétti, viðhaldið núverandi stöðu og eða aukið á misrétti.

Við greiningu á kynjaáhrifum fjárlaga hérlendis hefur ítrekað komið í ljós að ákvarðanir sem í fyrstu virðast kynhlutlausar eru það ekki. Greiningarnar hafa frekar sýnt fram á neikvæð áhrif á stöðu kvenna en karla, sem kemur ekki á óvart í ljósi ójafnrar stöðu kynjanna í samfélaginu. Þá er jafnframt mikilvægt að dýpka greiningar með því að horfa til margþættrar mismununar og skoða kynjaáhrif með tilliti til þátta eins og fötlunar, uppruna, kynvitundar og aldurs, svo dæmi séu tekin.

**Tekjuöflun ríkisins:** Kynjaáhrif hafa komið í ljós á mörgum sviðum tekjuöflunar. Virðisaukaskattur er stærsti einstaki tekjuöflunarþáttur ríkisins og uppbygging virðisaukaskattkerfisins, það hvernig virðisaukaskattþrepum er háttað og hvaða vörur og þjónusta eru undanskilin slíkum skatti getur haft víðtæk áhrif á efnahagslegt jafnræði kynjanna. Þá eru hjón og sambúðarfólk enn samsköttuð á vissum sviðum, sem getur oft og tíðum falið í sér hvata sem að viðhalda ójafnri byrði kynjanna á ólaunuðum

heimilis- og umönnunarstörfum sem konur sinna enn þann í dag frekar en karlar sem aftur hefur víðtæk áhrif á stöðu þeirra, s.s. atvinnumöguleika, fjárhagslegt sjálfstæði og lífeyrisréttindi. Þá hafa kynjaáhrif jafnframt fundist í tollkerfinu og í kjölfarið hefur verið farið í ákveðnar breytingar með það að markmiði að stuðla að jafnrétti. Til dæmis voru tollar á dömubindi og túrtappa afnumdir um áramótin 2016. Á árinu 2019 á að gera heildstæða úttekt á kynjaáhrifum skattkerfisins og augljóst má vera að bregðast þurfi við niðurstöðum sem myndu leiða í ljós eða staðfesta neikvæð áhrif á stöðu kynjanna.

**Útgjöld ríkisins:** Það hvernig útgjöldum ríkisins er háttað hefur mikil kynjaáhrif, enda er kynjabil til staðar á öllum sviðum samfélagsins. Ákvarðanir á sviðum **samgöngu-, byggða-, skóla-, fræðslu-, velferðar-, löggæslu-, umhverfis- og utanríkismála** fela í sér áhrif á stöðu kynjanna og áhrifin eru jafnvel enn meiri þegar horft er til fólks sem verður fyrir margþættri mismunun. Breytingar á greiðslum til heilbrigðis- og velferðarmála, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar hafa mikil kynjaáhrif. Ef draga á úr útgjöldum með lægra þjónustustigi þá er þjónustan líklegri til þess að fara aftur inn á heimilin þar sem vinnan lendir í meira mæli á konum en körlum. Við greiningu á beingreiðslum til bænda vegna mjólkurframleiðslu, sauðfjár- og grænmetisræktar kom í ljós að karlar voru mun frekar skráðir sem handhafar slíkra greiðslna en konur og það þrátt fyrir að karl og kona störfuðu við búið. Um var að ræða kerfislæga hindrun þar sem að eingöngu var hægt að skrá einn á hvert lögbýli sem handhafa beingreiðslna og í samræmi við ríkjandi menningu þá var karlinn frekar skráður fyrir þeim. Það var auðvelt að breyta þessari hindrun og hafði ekki í för með sér útgjaldaaukningu. Nú er mælt fyrir því í ákvæðum búvörulaga að framleiðendur sem skráðir eru handhafar beingreiðslna geti verið tveir.

Ávinningurinn af kynjaðri fjárlagagerð felst m.a. í því að þekkja innbyggða hvata og áhrif tekjuöflunar og útgjalda ríkisins á stöðu og tækifæri kynjanna svo hægt sé að stuðla að jafnrétti og hagkvæmari ákvarðanatöku. Frá því að innleiðing kynjaðrar fjárlagagerðar hófst hefur mikil þekking skapast innan stjórnsýslunnar á bæði aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar sem og á kynjaáhrifum einstakra málefnasviða. Kynjuð fjárlagagerð er nú orðin samþættari hefðbundnum störfum stjórnsýslunnar og nýttist sem innlegg í umræður og ákvarðanatöku sem varða útgjöld og tekjuöflun ríkisins.

Í þessari áætlun er lögð áhersla á að vinna með þau kynjaáhrif sem þegar hefur verið varpað ljósi á og dýpka samhliða greiningar til þess að ná fram gleggri mynd af stöðu mála innan málefnasviða og málaflokka ríkisins.

**Markmiðið með þessari áætlun** um kynjaða fjárlagagerð er að fylgja eftir fyrrgreindu lagaákvæði og koma á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga.

Sú verkefnisstjórn sem skipuð var árið 2016 fylgir þessari nýju áætlun eftir undir forystu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

**Framkvæmd** áætlunarinnar mun fara fram í virku samráði og samstarfi við **verkefnisstjórn um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða** í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins (verkefnisstjórn um samþættingu) sem jafnréttisteymi velferðarráðuneytisins leiðir. Jafnréttismat málefnasviða og stefnumótunin, sem verkefnisstjórn um samþættingu vinnur að, er mikilvæg forsenda þess að kynja- og jafnréttissjónarmið endurspeglit í fjármálaáætlun og síðan í fjárlögum fyrir hvern einstakan málaflokk. Nauðsynlegt er að samstarf ráðuneyta og stofnana um samþættinguna sé bæði virkt og öflugt. Vegna skörunar á markmiðum verkefnisstjórnanna tveggja munu þær vinna saman að settum markmiðum, sbr. 6. lið framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum um kynjaða fjárlagagerð þar sem segir:

*Verkefnisstjóri (kynjaðrar fjárlagagerðar) geri tillögur um eftirfylgni innleiðingaráætlunar... og vinni í nánú samstarfi við verkefnisstjórn um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.*

**Verkefnisstjórn kynjaðrar fjárlagagerðar** mun að auki fylgja eftir vinnu við jafnréttismat á frumvörpum í samstarfi við forsætisráðuneytið og jafnréttisteymi velferðarráðuneytis með fræðslu og leiðsögn. Verklag frumvarpsvinnu er á þann hátt að öll frumvörp sem falla undir það viðmið að vera með *mikil* eða *meðal* kynjaáhrif eiga að undirgangast jafnréttismat.

**Áætlunin er til fimm ára og nær yfir tímabilið 2019-2023.** Í henni er farið yfir það hvernig unnið verður að markmiðum laganna en nokkuð vantar upp á yfirsýn og yfirlit yfir kyngreind tölfræðigögn sem og stöðu kynjanna innan þeirra málefnasviða sem unnið er með hverju sinni. Niðurstöðurnar verða tengdar við stefnuskjöl málefnasviða til fimm ára. Áætlunin er endurskoðuð í janúar ár hvert í samræmi við ábendingar og þróun samþættingarmála. Höfð verður í huga heildaráætlun um innleiðingu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og ríkisstofnana sem unnið er að í velferðarráðuneytinu. Mun sú áætlun hafa áhrif á framkvæmd innleiðingar kynjaðrar fjárlagagerðar og verður því að gefa rými fyrir breytingar samhliða mótun hennar.


Áætluninni er skipt upp í sjö kafla og eru fjórir þeirra brotnir niður í aðgerðir. Í viðauka er farið yfir ársferil í vinnu við kynjaða fjárlagagerð. Ferillinn getur tekið breytingum eftir því sem fram vindur. Áætlunin er að mestu tæknilegs eðlis og snýr að skipulagi á innra verklagi ráðuneyta. .

## 1 SKIPULAG KYNJAÐRAR FJÁRLAGAGERÐAR

Skipulag kynjaðrar fjárlagagerðar er á þann veg að fjármála- og efnahagsráðuneytið (FJR) hefur forystu um gerð áætlunar um kynjaða fjárlagagerð í samráði við velferðarráðuneytið (VEL) sem ber sömuleiðis ábyrgð á því að hafa eftirlit með að áætluninni sé framfylgt. Upplýsingar um framvindu eru birtar í skýrslu félags- og jafnréttismálaráðherra sem kemur út annað hvert ár og er fjallað sérstaklega um stöðu og framkvæmd kynjaðrar fjárlagagerðar. Í verkefnisstjórn kynjaðrar fjárlagagerðar sitja fulltrúar allra ráðuneyta ásamt fulltrúa frá Jafnréttisstofu. Hlutverk verkefnisstjórnar kynjaðrar fjárlagagerðar er að fylgja eftir vinnu við áætlunina og eru fulltrúar hennar jafnframt tengiliðir stýrihópa ráðuneytanna í kynjaðri fjárlagagerð sem nú þegar eru starfandi.

### Stjórnskipulagið má skoða á eftirfarandi mynd:

Reglubundin stjórn verkefnisins fer fram í umboði fjármála- og efnahagsráðherra í samráði við ráðherra jafnréttismála.



Mynd 1 Stjórnskipulag kynjaðrar fjárlagagerðar

## 2 SAMÞÆTTING KYNJASJÓNARMÍÐA VIÐ FJÁRMÁLAÁÆTLUN OG FJÁRLAGAGERÐ

Eins og greint var frá í upphafi þá er það markmið 18 gr. laga um opinber fjármál að treysta í sessi aðferðir sem kenndar eru við kynjaða fjárlagagerð. Til þess að ná því takmarki er aðgangur að kyngreinanlegum tölfræðigögnum og greiningarvinna á málefnasviðum nauðsynleg. Með slíkum upplýsingum og greiningu er loks hægt að ná lokatakmarkinu: *að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við mótnun fjármálaáætlunar og fjárlaga*. Ljóst þarf að vera með hvaða hætti kynjuð áhrif koma fram og hvort að niðurstaðan sé sanngjörn eða ekki.

Stundum getur það verið sanngjarnt og í anda markmiðs um jafnrétti að annað kynið njóti frekar góðs af tiltekinni ákvörðun. Það veltur allt á þeirri stöðu sem það býr við og pólitískri markmiðssetningu.

Með greiningu á málefnasviðum, þ.e. rýni á því hver staða kynjanna er innan málefnasviða og málaflokka ríkisins og söfnun og birtingu kyngreindra tölfræðigagna, ætti að vera komin góð kortlagning á stöðu kynjanna innan hins opinbera sem síðan getur legið til grundvallar í stefnuskjöllum málefnasviða eins og þau birtast í fjármálaáætlun til fimm ára.

Í kjölfarið er hægt að tengja ákvarðanir um **tekjuöflun** og **ráðstöfun** opinbers fjár við stöðuna og vinna í raun og sann að kynjaðri fjárlagagerð.

Til þess að ná að gera það markvisst er stuðst við ráðleggingar efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) um lykilþætti í vinnu við kynjaða fjárlagagerð, sbr. eftirfarandi töflu.

Tafla 1 Lykilþættir við innleiðingu á kynjaðri fjárlagagerð skv. ráðleggingum frá OECD

Nr.	Lykilþáttur:	Námar:
1	Kynjuð fjárlagagerð nýtt fyrirfram (e. Ex ante gender budgeting):	Upplýsingar úr niðurstöðum jafnréttisgreininga notaðar við ákvarðanatöku.
2	Kynjuð fjárlagagerð nýtt samhliða (e. Concurrent gender budgeting):	Áhrif fyrirhugaðra ákvarðana á kynin eru metin samhliða ákvarðanatöku. Kyn- og jafnréttisbundin árangursmarkmið eru til staðar til að fylgjast með framförum. Kynja- og jafnréttissjónarmiðum er beitt við stefnumótun og áætlanagerð.
3	Kynjuð fjárlagagerð gerð eftir-á (e. Ex post gender budgeting):	Mat og endurskoðun er gerð til að tryggja að kyn- og jafnréttisbundin árangursmarkmið hafi verið uppfyllt eða grein gerð fyrir því af hverju þau hafi ekki verið uppfyllt.
4	Móttækilegt og opið umhverfi (e. Enabling environment):	Ríkisstjórnin tryggir að bjargir og upplýsingar séu til staðar og tekur mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Þátttaka hagsmunaaðila er nýtt við markmiðssetningu.

Allir þeir þættir sem fjallað verður um í köflunum hér að neðan styðja við þessa liði.

#### Að lykilþáttunum er unnið í skrefum:

- Meginþungi árána 2019-2022 snýr að **gagnaöflun** og **kortlagningu** og leitast verður við að tryggja að upplýsingar verði til staðar svo að taka megí mið af kynjasjónarmiðum fyrirfram, sbr. **lykilþáttur númer 1**.
- Á árunum 2019-2023 er kynjuð fjárlagagerð unnin **samhliða ákvarðanatöku** sbr. **lykilþáttur númer 2**. Þá er ráðgert að það verði regla að vinna jafnréttismat á öllum málefnasviðum og málaflokkum hins opinbera sem hafa *mikil* eða *meðal* kynjaáhrif.
- Jafnréttismatið verður nýtt til þess að móta jafnréttismarkmið, aðgerðir og mælikvarða. **Sbr. lykilþáttur númer 1**.
- Samhliða þessari vinnu verður því komið í **feril að gera eftir á mat** til að tryggja að **árangursmarkmið** hafi verið uppfyllt og/eða gera grein fyrir því af hverju þau hafi ekki verið uppfyllt sbr. **lykilþáttur númer 3**.
- Loks þarf að vinna að því að hafa **umhverfið móttækilegt og opið**, sbr. **lykilþáttur númer 4**. Það er m.a. gert með **birtingu upplýsinga, aðhaldi, aukinni þátttöku hagsmunaaðila og virku samráði**.

Kaflarnir hér á eftir fjalla um þá vegferð sem þarf að fara í til þess að vinna að þessum lykilþáttum. Fyrst er umfjöllum um meginatriði hvers árs og í kjölfarið koma kaflar sem snúa að þeim aðgerðum sem á að fara í á komandi tímabili.

Nánari útfærsla og framkvæmd áætlunarinnar og þar með talið ofangreindra lykilþátta verður gerð í samstarfi við verkefnisstjórn um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og jafnréttisteymi velferðarráðuneytisins og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.


### 3 MEGINATRÍÐI HVERS ÁRS

Markmiðið með þessari áætlun er að koma á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga. Hér að neðan má sjá helstu afurðir í vinnu við kynjaða fjárlagagerð og hvar þær birtast sem innlegg inn í fjármálaáætlun annars vegar og fjárlagafrumvarp hins vegar. Í viðauka er svo hægt að skoða betur vinnuferilinn sjálfan.

- **Grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð** er gefin út árlega af forsætisráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og velferðarráðuneytinu í samvinnu við jafnréttisfullra Stjórnarráðsins. Í þeirri skýrslu er farið yfir markmið stjórnvalda varðandi jafnrétti kynjanna sem síðar verða tengd við markmiðssetningu málefnasviða, aðgerðir og mælikvarða. Þá er farið yfir kynja- og jafnréttismat á málefnasviðum sem er grunnvinna ráðuneyta þegar kemur að því að draga fram kynja- og jafnréttissjónarmið málefnasviða og málaflokka. Í ljósi samhæfingarhlutverks forsætisráðuneytisins er eðlilegt að það leiði vinnu við skýrsluna.
- **Fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð** er uppfærð í upphafi hvers árs.
- Í **fjármálaáætlun til fimm ára** er greinargerð um framvindu kynjaðrar fjárlagagerðar og lögð áhersla á tengingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnuskjöl ráðuneyta.
- Í **ársskýrslu hvers ráðherra** er farið yfir framvindu mála.
- Í **fjárlagafrumvarpi** hvers árs er gert ráð fyrir greinargerð um framvindu kynjaðrar fjárlagagerðar á komandi ári ásamt tengingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við útfærslu á aðgerðum stjórnvalda og úthlutun fjármagns vegna komandi árs.



## Grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð



Mynd 2 Meginatriði hvers árs

## 4 KYNGREIND TÖLFRÆÐIGÖGN

*Kyngreind tölfræðigögn bæta ákvarðanatöku og auka gagnsæi.*

Aðgengi að kyngreindum tölfræðigögnum er ein af lykilforsendum kynjaðrar fjárlagagerðar sem og annarrar gæðavinnu á sviði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og áætlanagerð. Í lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, segir í 16. gr.:

*Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.*

Kortlagning á stöðunni og tillögur um hvernig bæta megi söfnun og aðgengi að kyngreindum gögnum mun verða gerð í sérstöku samstarfi við jafnréttisteymi velferðarráðuneytisins sem leiðir verkefnisstjórn um samþættingu og forsætisráðuneytið.

Aðgangur að kyngreindum gögnum leggur grunn að upplýstri ákvarðanatöku. Það sama gildir um aðra þætti sem geta legið til grundvallar mismunun sbr. uppruni eða fötlun. Ítarlegri greining á gögnum getur síðan skorið úr um hvort misjöfn staða kynjanna innan ólíkra hópa eigi sér eðlilegar skýringar eða ekki. Framkvæmd kynjaðrar fjárlagagerðar hefur leitt í ljós að töluvert skortir á að kyngreindum upplýsingum sé safnað sem eru meginforsendan fyrir því að hægt sé að vinna að kynjaðri fjárlagagerð.

Hér að neðan má sjá þær aðgerðir sem þarf að fara í til þess að bæta aðgengi að kyngreindum tölfræðigögnum.

Tafla 2 Kyngreind tölfræðigögn

**Aðgerðir:**

- 2019-2023: Settur á fót starfshópur Stjórnarráðsins um söfnun, notkun og birtingu kyngreindra tölfræðigagna með aðkomu frá Hagstofu Íslands, Jafnréttisstofu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og félagi forstöðumanna ríkisstofnana. Starfshópurinn starfi yfir tímabilið 2019-2023. Markmiðið með vinnu starfshópsins er að bæta yfirsýn og stuðla að því að söfnun og notkun á kyngreindum tölfræðigögnum verði gerð með sambærilegum hætti innan Stjórnarráðsins og ríkisstofnana. Starfshópurinn ber ábyrgð á því að kortleggja stöðuna m.t.t. söfnunar og aðgangs að kyngreindum gögnum, leggja fram tillögur að því hvað megi gera til að bæta söfnun/aðgang að kyngreindum gögnum og koma þeim tillögum í framkvæmd.
- 2019-2020: Útgefin handbók af ofangreindum aðilum um kyngreind tölfræðigögn.

## 5 FLOKKUN OG GREINING Á MÁLEFNASVIÐUM OG MÁLAFLOKKUM

*Öll málefnasvið og málaflokkar A- hluta ríkissjóðs verða flokkuð eftir kynja- og jafnréttisáhrifum til þess að bæta forgangsstöðun.*

Á árunum 2019-2023 verður lögð áhersla á að greina stöðu kynjanna út frá markmiðum jafnréttislaga og laga um jafna meðferð innan málefnasviða og málaflokka ríkisins.<sup>1</sup> Verkefnisstýra kynjaðrar fjárlagagerðar leiðbeinir vegna vinnu við jafnréttismat á málefnasviðum í samstarfi við jafnréttisteymi Velferðarráðuneytisins. Sú vinna er forsenda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjármálaáætlun og fjárlagagerð. Upplýsingar um kynja- og jafnréttissjónarmið málefnasviða verða gerð aðgengileg í Grunnskýrslu um kynjaða fjárlagagerð. Í ljósi þess að sú skýrsla er gefin út í janúar þá gefst almenningi svigrúm til þess að koma með athugasemdir við skýrsluna áður en fjármálaáætlun til fimm ára er lögð fram. Samhliða verður lögð áhersla á betri skráningu og söfnun kyngreindra gagna og bætt utanumhald við gagnaöflun, sbr. umfjöllun að framan.

Hér að neðan má sjá þær aðgerðir sem þarf að fara í til þess að koma á flokkun og greiningu á málefnasviðum og málaflokkum út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

---

<sup>1</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Gildistaka 1. september 2018

**Aðgerðir:**

- 2019-2023: Jafnréttismat verði unnið á málefнасviðum til að draga fram þau kynja- og jafnréttissjónarmið sem þarf að taka tillit til innan hvers málefnasviðs og málaflokks. Niðurstaðan er nýtt til þess að flokka áhrif kynja- og jafnréttissjónarmiða innan hvers málefnasviðs og málaflokks eftir vægi í: *mikil, meðal eða lítil kynja- og jafnréttisáhrif.*
- 2019: Flokkun og yfirlit úr stöðumati og greiningu valkosta / leiða innan málefnasviða og málaflokka út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum skráð á staðlaðan hátt og ferlað með þeim hætti að auðvelt sé að tengja það við aðra vinnu við fjármálaáætlun og fjárlagagerð.
- 2019-2023: Niðurstaða jafnréttismats lagt til grundvallar valkostum og leiðum sem verið er að huga að við ákvarðanatöku um markmið, aðgerðir og mælikvarða innan málefnasviða og málaflokka og/eða greining gerð á kynja- og jafnréttishrifum þeirra valkosta og leiða sem til skoðunar eru hverju sinni og niðurstaðan birt í fjármálaáætlun og við útfærslu í fjárlagafrumvarpi eins og við á.
- 2020-2023: Flokkun og greining á kynja- og jafnréttisáhrifum málefnasviða og málaflokka uppfærð árlega.
- 2019-2023: Kynja- og jafnréttissjónarmið samþætt við útgjaldagreiningar (e. spending reviews) málefnasviða og málaflokka.
- 2021-2023: Sérstakt teymi innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins vinnur að því að gera greiningu á kynja- og jafnréttisáhrifum helstu útgjalda- og skattabreytinga eins og þær koma fram í hverri fjármálaáætlun. Niðurstöður greininga verða birtar í fjármálaáætlun til fimm ára og Grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar eins og við á.

## 6 SAMSTARF

*Samstarf bætir upplýsingagjöf, eykur þekkingu og traust.*

Samstarf verður áfram við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög eftir því sem við á. Samstarf verður eftir við háskólasamfélagið og Hagstofu Íslands. Ísland gegnir leiðandi hlutverki í sérfræðihópi OECD varðandi kynjaða fjárlagagerð og mun það samstarf sömuleiðis vera í brennidepli á komandi tímabili.

Hér að neðan má sjá þær aðgerðir sem þarf að fara í til þess að koma á og eða viðhalda mikilvægu samstarfi.

Tafla 4 Samstarf

Aðgerðir:
<ul style="list-style-type: none"><li>• 2019: Formlegur samstarfssamningur við Háskóla Íslands um kynjaða fjárlagagerð og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótun, áætlanagerð og annarri ákvarðanatöku hins opinbera. Í þeim samningi verði kveðið á um aðgang nemenda að gögnum gegn greiningu á þáttum sem að snúa að kynjaðri fjárlagagerð og samþættingu og sem verkefnisstjórnir kynjaðrar fjárlagagerðar og samþættingar leggja til og/eða samþykkja.</li><li>• 2019: Kortlagning á þeim hagsmunaaðilum sem þarf að eiga samtal og samstarf við.</li><li>• 2019-2023: Fundað árlega með hagsmunaaðilum miðað við fyrrnefnda kortlagningu.</li><li>• 2019-2023: Upplýsingagjöf gagnvart félagasamtökunum <i>Femínísk fjármál</i>. Fundað verður að lágmarki tvisvar á ári, annars vegar í kjölfar framlagningar fjármálaáætlunar og hins vegar fjárlagafrumvarps.</li></ul>

## 7 FRÆÐSLA OG KYNNINGARMÁL

*Fræðsla eykur skilning og bætir upplýsingagjöf.*

Fræðsla er nauðsynlegur þáttur þegar kemur að því að innleiða kynjaða fjárlagagerð á árangursríkan hátt. Framkvæmd fræðslu og kynningarmála verður í samstarfi við verkefnisstjórn um samþættingu og forsætisráðuneytið.

Hér að neðan má sjá þær aðgerðir sem þarf að fara í til þess að koma á aukinni fræðslu og efla kynningarmál.

Tafla 5 Fræðsla og kynningarmál

Aðgerðir:
<ul style="list-style-type: none"><li>• 2019-2023: Vinna að gerð fræðsluefnis.</li><li>• 2019: Útbúa yfirlit yfir þær stofnanir A og B hluta ríkissjóðs sem eiga að fá fræðslu á komandi árum.</li><li>• 2019-2020: Búa til fræðsluáætlun í samstarfi við verkefnisstjórn um samþættingu og forsætisráðuneytið. Fræðsluáætlunin taki fyrst og fremst til Stjórnarráðsins og A- og B hluta ríkissjóðs.</li><li>• 2019-2023: Fræðsla fyrir stofnanir A- og B hluta ríkissjóðs.</li><li>• 2019: Helstu upplýsingar um kynjaða fjárlagagerð og annað sem snýr að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða settar á ytri vefinn á ensku og íslensku.</li><li>• 2019-2020: Gerð myndbands í samstarfi við Reykjavíkurborg með hagnýtum dæmum sem hægt er að nýta í kynningar og fræðslu.</li></ul>

## VIÐAUKI

### Ársferill kynjaðrar fjárlagagerðar

Ársferillinn tekur eingöngu til hefðbundinna ársverka en ekki átaks eða aðgerða. Um átak og aðgerðir hefur verið fjallað nokkuð ítarlega í sjálfri áætluninni. Ársferillinn mun taka breytingum eftir því sem fram vindur og er því uppfærður árlega.

Mánuður	Verkefnisstjórn/verkefnisstýra	Ráðuneyti	Ríkisstjórn/ráðherrar
Janúar	<ul style="list-style-type: none"><li>Fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð uppfærð og birt.</li><li>Grunnskýrsla um kynjaða fjárlagagerð.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Kynja- og jafnréttissjónarmið tengd við útfærslu á stefnuskjöllum málefnasviða.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Val á markmiðum og aðgerðum.</li></ul>
Febrúar	<ul style="list-style-type: none"><li>Aðstoð við útfærslu á markmiðum og aðgerðum á grundvelli jafnréttismats.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Kynja- og jafnréttissjónarmið tengd við útfærslu á stefnuskjöllum málefnasviða.</li></ul>	
Mars	<ul style="list-style-type: none"><li>Kafli um kynjaða fjárlagagerð í fjármálaáætlun.</li><li>Upplýsingar um stöðu og mál send á félagasamtökin femínísk fjármál.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Textabútur um kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnuskjöllum. Birta markmið og aðgerðir.</li></ul>	
Apríl	<ul style="list-style-type: none"><li>Upplýsingafundur með félagasamtökunum femínísk fjármál.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Fjármálaætlun til fimm ára lögð fram.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Alþingi (fastanefndir) getur kallað eftir nánari gögnum frá ráðuneytum vegna umræðu um fjármálaáætlun.</li></ul>
Maí			
Júní	<ul style="list-style-type: none"><li>Aðstoð vegna útfærslu.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Kynja- og jafnréttissjónarmið tengd við útfærslu og eða val á aðgerðum eins og þær birtast í fjárlagafrumvarpi.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Val á aðgerðum.</li></ul>
Júlí			
Ágúst	<ul style="list-style-type: none"><li>Aðstoð vegna útfærslu.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Útfærsla á aðgerðum</li></ul>	
September	<ul style="list-style-type: none"><li>Kafli um kynjaða fjárlagagerð birtur í fjárlagafrumvarpi.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Fjárlagafrumvarp til eins árs lagt fram.</li></ul>	
Október	<ul style="list-style-type: none"><li>Heimasvæði kynjaðrar fjárlagagerðar uppfært.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Vinna við kynja- og jafnréttismat á málefnasviðum hefst.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Áherslumál valin/uppfærð fyrir Grunnskýrslu um kynjaða fjárlagagerð.</li></ul>
Nóvember	<ul style="list-style-type: none"><li>Fundur með hagsmunaaðilum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Vinna við kynja- og jafnréttismat á málefnasviðum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Áherslumál útfærð fyrir Grunnskýrslu um kynjaða fjárlagagerð.</li></ul>
Desember	<ul style="list-style-type: none"><li>Unnið að uppfærslu á fimm ára áætlun.</li><li>Frágangur á Grunnskýrslu um kynjaða fjárlagagerð.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Vinnu við jafnréttismat lýkur.</li></ul>	